

Dreifibréf Landlæknisembættisins

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn influensu

Þrígild bóluefni gegn influensu (A og B stofni) á norðurhveli fyrir tímabilið 2006-2007 hafa verið framleidd samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

(WHO Weekly Epidemiological Record, 2006;81: 81-88).

Talsverðir erfiðleikar hafa verið á framleiðslu influensubóluefna á þessu ári sem rekja má til lítils afraksturs í ræktun veiru sem mælt var með að nota. Þetta hefur leitt til þess að búast má við töfum á afgreiðslu bóluefnanna. Fyrstu skammtarnir berast væntanlega ekki fyrr en um og upp úr miðjum októbermánuði nk.

Það eru eindregin tilmæli sóttvarnalæknis að áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar á þessu hausti.

Áhættuhóparnir eru:

- Allir einstaklingar eldri en 60 ára.

- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.

Þá er einnig óskað eftir því að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og aðrir þeir sem daglega annast fólk með aukna áhættu njóti forgangs.

Heilsugæslustöðvarnar eru hvattar til að panta bóluefni sem fyrst og kalla fyrst og fremst ofanefnda áhættuhópa inn til bólusetningar.

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á tilmæli með bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum hjá eftirtöldum hópum:

- Öllum eldri en 60 ára, á 10 ára fresti.
- Einstaklingum með aspleniu eða aðra ónæmisbælandi sjúkdóma, á 5 ára fresti.

Sóttvarnalæknir

Heimilislæknaþingið 2006

Selfossi 17.-19. nóvember

Heimilislæknaþingið er haldið á vegum FÍH og ætlað öllum heimilislæknum.

Fluttir verða fyrirlestar og umræðuhópar verða um efni sem tengjast störfum í heilsugæslu.

Færniþúðir verða í tengslum við þingið.

Kynntar verða rannsóknir og rannsóknaráætlanir í heimilislækningum.

Skemmtileg makadagskrá í boði ráðstefnudagana.

Nánari dagskrá og skráning á heimasíðu FÍ.H.

Undirbúningsnefndin